

Borgarbyggð
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 12. júní 2024
UST202405-306/A.B.
10.00

Efni: Ósk um umsögn - framkvæmdarleyfi - Fannholt - skógrækt

Vísað er til erindis Borgarbyggðar er barst 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna óskar Yggdrasil carbon um framkvæmdarleyfi til Borgarbyggðar til skógræktar á jörðinni Fannholt. Í greinargerð kemur fram að Yggdrasill carbon (hér eftir framkvæmdaraðili) áformi skógrækt á 24,3 ha. á 45,1 ha framkvæmdarsvæði.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er að finna eftirtaldar vistgerðir innan framkvæmdasvæðisins: starungsmýravist og brokflóavist sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.

Í vistgerðunum getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), stelkur (*Tringa totanus*) og heiðlöa (*Pluvialis apricaria*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

Umhverfisstofnun bendir á lóuþræll, spói, stelkur og heiðlöa, eru ábyrgðartegundir Íslands. Þá er vistgerðin víðikjarrivist mjög rík af plöntutegundum, einkum æðplöntum en af þeim telst hún ríkust allra vistgerða.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á vistgerðirnar og fuglalífið.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun bendir á að ein af aðgerðunum er að vernda og endurheimta votlendi, en þar sem nánast allt framkvæmdarsvæði er með votlendisvistgerðum samkvæmt kortlagningu. Níðanför mun framkvæmdin (skógrækt/vegagerð) valda raski á votlendisvistgerðum.

Fram kemur í ræktunaráætlun að notast verði við TTS herfingu við framkvæmdina. Umhverfisstofnun varar við því að raska jarðvegi við undirbúning skógræktarinnar þar sem landið er vel gróið og jarðvegur geymir mikið magn kolefnis. Það sé ekki í anda

loftslagsverkefnis að rjúfa gróðurþekju á landi sem býr nú þegar yfir miklu kolefni auk þess sem það samræmist illa markmiðum verkefnisins að vernda jarðveg og þjóna sem aðgerð gegn loftslagsbreytingum.

Trjátegundir

Fram kemur að til standi að planta birki, lerki, greni, ösp og furu í ræktunarsvæðið.

Fram kemur í greinagerð að reynt verði að staðsetja furu fjærst votlendi. Svæðið verði vaktað á a.m.k. 10 ára fresti. Þau gögn væri t.d. hægt að nýta til að skoða sjálfsáningu stafafuru innan verkefnasvæða og út fyrir verkefnasvæði og bregðast við ef þörf er á

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „*Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlystum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.*“

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að stafafuru sem telst til útlendra plöntutegunda verði ekki plantað í votlendissvæði eða í nálægð við slík svæði. Óvissa sé um mögulega útbreiðslu stafafuru með sáningu og varúðar verði að gæta í notkunar hennar og útreiðsla hennar vöktuð.

Framkvæmdir háðar umhverfismati

Í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er fjallað um þær framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt lið 1.04 í 1. viðauka laganna er nýskógrækt sem tekur til 200 ha eða stærra svæðis matskyld framkvæmd í B- flokki. Samkvæmt ákvæðinu á hið sama einnig við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum í flokki B ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði.

Vísar ákvæðið til iii. lið 2. tölu. 2. viðauka en þar eru talin upp verndarsvæða og eru svæði sem njóta verndar samkvæmt Bernarsamningnum þar upptalin.

Umhverfisstofnun bendir sveitarféluginu á að fá leiðbeiningar hjá Skipulagsstofnun varðandi ofangreindan þátt.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur